

## Skólaráðsfundur mánudaginn 26. október 2020

Á fundinn mættu Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Ingibjörg Helga Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Linda Björk Árnadóttir fulltrúi nærsamfélagsins og Margrét Ósk Friðriksdóttir og Christine Lea Fregiste fulltrúar nemenda. Hulda Björk Marteinsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

### 1. Sjálfsmatsskýrsla - umbótaáætlun

Skólastjóri fór aðeins yfir sjálfsmatsskýrslu skólans og aðallega umbótaáætlunina, hver staðan væri á hverjum þætti fyrir sig.

Hún sagði frá þeim umbótum sem gerðar voru í kjölfar könnunar á líðan nemenda seinni partinn á síðasta skólaári. Þar kom fram að líðan nokkurra nemenda í búningasklefum íþróttahússins væri ekki góð. Eftir bekkjarfundi með nemendum var ákveðið að hafa það val hvort nemendur færu í sturtu fyrir og eftir íþróttatíma. Þó var lögð áhersla á að nemendur hugsuðu samt mjög vel um hreinlætið.

### 2. Skipulag og áherslur skólamatsins

Farið var lauslega yfir helstu viðburði skólaársins. Kom fram að fresta þyrfti árshátíð skólans, sem vera ætti þann 5. nóvember, fram á næstu önn. Vonandi væri þá hægt að hafa hana með eðlilegum hætti. Fyrirspurn kom frá einum fulltrúa nemenda um hvort hægt væri að senda hana út t.d. á fésbókinni, ef ekki væri hægt að hafa hana hér í skólanum. Skólastjóri sagði að það væri hægt að athuga það.

Skólastjóri fór einnig yfir starfsmenn skólans, nefndarfólk og aðeins í starfsáætlun nefndanna. Í sambandi við grænfánann kom fyrirspurn frá fulltrúa nærsamfélagsins um það hvort skólinn væri að sækja um fánann í fyrsta skiptið eða hvort um endurnýjun væri að ræða. Sólveig sagði að við værum að sækja um endurnýjun en í rauninni værum við næstum á núllpunkti, því við hefðum ekki verið nógu dugleg að gera annað en að flokka.

Skólastjóri sagði líka frá því að skólaráðið ætti að vera með opinn fund fyrir foreldra/forráðamenn nemendanna en hann hefði ekki enn verið haldinn vegna ástandsins í þjóðfélaginu en vonandi gætum við haldið hann á þessu skólaári hér í skólanum. Fyrirspurn kom þá frá fulltrúa nærsamfélagsins hvort ekki væri hægt að halda svona fund með fjarbúnaði. Sólveig sagði að ef ekki yrði hægt að halda fundinn hér í skólanum yrði það gert með fjarbúnaði.

### 3. Kennsluhættir, breyting

Sigríður fór yfir breytta kennsluhætti í skólanum, hjá 4. – 10. bekk. Hún sagði einnig frá verkefnum sem hóparnir eru að vinna að núna. Nemendur 7. – 10. bekk eru að vinna að verkefni sem heitir Draumalandið og í því þurfa nemendur að afla sér upplýsinga um hvað gerir land að landi og samfélag að samfélagi. Nemendur 4. – 6. bekkjar vinna að svipuðu verkefni sem kallast Óskalandið, en það verkefni fer ekki eins djúpt. Fulltrúar nemenda lögðu aðeins til málanna og kom fram að þeim líkaði vel þessi breyting.

#### **4. Önnur mál**

Rætt um hvernig hægt væri að koma málum foreldra/forráðamanna inn á fundinn. Ákveðið var fulltrúar foreldra myndu setja inn á foreldrasíðu dagssetningar skólaráðsfundanna og ábendingu um að koma þeim málum, sem þeir vildu að yrðu rædd, til þeirra

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.